

Valsárskóli

Vorskýrsla skólaárið 2025-2026



María Aðalsteinsdóttir
1. júní 2026

Inngangur	3
Stefna skólans	4
Starfspróun og sí- og endurmenntun starfsfólks	5
Iðjubjálfun og tengiliður farsældar í Valsárskóla	6
Foreldrasamstarf í Valsárskóla	9
Helstu tölur	10
Fjöldi nemenda	10
Fjöldi starfsmanna	11
Fjöldi kennsludaga	12
Fjöldi kennslustunda	12
Fjöldi viðburða og verkefna	13
Rýming skólans, æfingar	14
Fjöldi ferða	15
Tölvubúnaður fyrir nemendur og kennara	17
Innra mat	18
Nám og kennsla	18
Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð	18
Skóli án aðgreiningar og fjölbreytt samfélag	20
Mannauður	22
Fagmennska starfsfólks og samstarf	23
Stjórnun og skipulag	25
Stjórnandi sem faglegur leiðtogi	25
Skólabragur	26
Viðmót, virðing, samskipti, virðing, menning og liðsheild	27
Samstarf og virkni heimila og skóla	32
Umbótastarf í kjölfar innra mats	33
Lokaorð	34

Inngangur

Skólastjóri hóf störf þann 7. ágúst 2025 að loknu sumarleyfi og annað starfsfólk mætti til vinnu 14. ágúst. Kennarar hófu vinnuna á sí- og endurmenntunardegi við Háskólann á Akureyri. Þar var boðið upp á fjölbreytta fræðslu fyrir kennara á svæðinu og sóttu þangað allir kennarar á Akureyri og margir frá nærliggjandi sveitarfélögum. Annað starfsfólk vann að ýmsum verkefnum í skólanum s.s. tiltekt og öðrum undirbúningi fyrir komandi skólaár.

Þegar allt starfsfólk var komið til starfa tóku við starfsmannafundir, kennarafundir og undirbúningur fyrir kennslu á skólaárinu. Skólaárið í Valsárskóla hófst með skólasetningu þann 21. ágúst 2025. Skólasetning fór fram með hefðbundnum hætti á sal og stóð ferðasjóður fyrir veitingasölu. Skólanum var slitið 9. júní 2026 að hefðbundnum hætti með samkomu á sal, afhendingu vitnisburðar, útskrift nemenda úr 10. bekk og veitingasölu ferðasjóðs.

Í þessari skýrslu er farið yfir helstu þætti í skólastarfinu skólaárið 2025-2026 með áherslu á innra mat í Valsárskóla.



Stefna skólans

Valsárskóli leggur áherslu á Uppbyggingarstefnu, Byrjendalæsi, Læsi fyrir lífið, útiskóla og grenndarkennslu, þemanám og lýðræðisleg vinnubrögð. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í öllum námsgreinum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.


Einkunnarorð skólans eru **umhyggja, virðing, metnaður og gleði.**

Stefna skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans,

Sjá nánar á: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/stefnaskolans>

Stefna var endurskoðuð á skólaárinu 2020-2021 og var áhersla þetta skólaárið líkt og þess síðasta að vinna enn markvissar að henni, skapa umræðu meðal starfsfólks og foreldra og skerpa á ýmsum þáttum.

Mest áhersla skólaársins var þó á innleiðingu á nýjum og endurskoðuðum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla sem tóku gildi árið 2025. Hér að neðan er skjáskot sem sýnir ferlið frá Miðstöð- menntunar og skólaþjónustu (MMS). Við sóttum um og fengum leiðsögn frá MMS sem stóð yfir í níu vikur. Leiðsögnin fólst í því að innleiðingarteymi Valsárskóla tók þátt í fjarfundum, ígrundun og lestri með fulltrúum annarra skóla fleiri skólum og mun sú vinna skila sér í starfspróun næstu skólaár.



Starfspróun og sí- og endurmenntun starfsfólks

Starfsdagar í ágúst einkenndust af samvinnu kennara, undirbúningi náms og kennslu, fundum með nýjum starfsmönnum og fleiru. Hér er mynd af dagskrá starfsdaga haustið 2025.

Dagskrá fyrir haust 2025

Dagskrá fyrir haust 2025				
			14. ágúst	15. ágúst
			Starfsdagur 1 Kennarar í dagskrá í HA. Fræðsla um gæði kennslu og leiðsagnamáli. Aðrir en kennarar mæta í Valsárskóla og vinna að frágangi og undirbúningi.	Starfsdagur 2 Starfsmannafundur 8:05 - 9:45 Kennarafundur 10:00 - 12:00 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu
18. ágúst	19. ágúst	20. ágúst	21. ágúst	22. ágúst
Starfsdagur 3 Nýir starfsmenn, fundur 12:30 í stofunni Straum Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu	Starfsdagur 4 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu	Starfsdagur 5 Kennarafundur 8:00-10:00 Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu	Starfsdagur 6 Starfsmannafundur 8:15 - 8:45 Vinaborg opnar fyrir nemendur Allir vinna að undirbúningi náms og kennslu 2x dagur Skólasetning 16:15	Haustdagur 1 Nemendur til 13:00
25. ágúst	26. ágúst			
Haustdagur 2 Nemendur til 13:00	Kennsla hefst skv. stundatöflu. Sund hefst.			

Byrjendalæsis kennarar (BL) og leiðtogar funduðu fjórum sinnum yfir veturinn þar sem unnið var að því að þróa aðgengilegt skipulag utan um BL-kennsluáætlanir og vinnulag. Innleiðingarteymi Valsárskóla, sem vinnur að innleiðingu á nýjum hæfniviðmiðum, naut stuðnings frá MMS. Teymið sótti 9 vinnufundi í apríl, maí og júní. Starfið fólst meðal annars í því að búa til áætlun fyrir næsta skólaár og komandi ár.

Kennarar í Valsárskóla sóttu einnig endurmenntun samkvæmt eigin áhugasviði og þörfum. Dæmi um það er námskeið fyrir náttúrufræðikennara og menntabúðir Eymennt. Skólastjóri sótti námstefnu Skólastjórafélags Íslands (SÍ) um haustið og tók auk þess sæti í stjórn SÍ.



Iðjubjálfun og tengiliður farsældar í Valsárskóla

Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir starfar í Valsárskóla og Álfaborg. Sigríður Ingibjörg er iðjubjálfi og starfar sem slík í 80% vinnu og 20% sem tengiliður farsældar. Í iðjubjálfun voru 27 nemendur. Af þeim hafa 13 börn tekið þátt í markvissri 3–8 vikna íhlutun iðjubjálfa þar sem unnið hefur verið út frá einstaklingsmiðuðum markmiðum. Áhersla var á að efla áhugahvöt og styrkleika nemenda í tengslum við nám, félagslega þátttöku og leik, styðja við aðlögun náms og kennsluhátta í samræmi við markmið námskrár. Auk þess að greina og aðlaga umhverfi í skóla með það markmið að styðja sem best við þátttöku, færni og vellíðan hvers nemanda.

Að auki hafa 14 nemendur fengið reglubundna eftirfylgni yfir veturinn í formi einstaklingsviðtala, eða tekið þátt í styttri, markvissum íhlutanir (3–5 daga) til að bregðast við tímabundnum áskorunum í skólaumhverfi. Þessar íhlutanir hafa verið sniðnar að því að styðja við virkni, vellíðan og þátttöku nemenda með lausnamiðaðri nálgun.

Samhliða þessu hefur iðjubjálfi, í nánú samstarfi við umsjónarkennara og skólastjórnendur, komið að umfangsmikilli vinnu vegna eineltismála tveggja nemenda, þar sem unnið hefur verið með greiningu, eftirfylgni og stuðningsúrræði.

Undanfarnar 6–8 vikur hefur iðjubjálfi jafnframt komið að þróun og uppbyggingu námsvers. Sú vinna hefur falið í sér greiningu á þörfum nemenda, fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks, heimsóknir í sambærileg úrræði og þróun verklags sem styður við einstaklingsmiðað og sveigjanlegt námsumhverfi sem eykur þátttöku, sjálfstæði og námsvirkni nemenda.

Í samþættingu eru á:

1. Stig: 10 nemendur
2. Stig: 3 nemendur

Starf iðjubjálfa hefur nýst vel fyrir nemendur Valsárskóla t.d. með vinnu í félagsfærni einstaka nemenda og hópa. Hlutverk iðjubjálfa í grunnskóla má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi að vinna með nemanda að áhugahvöt hans eða hennar og virkja áhuga og færni sem tengist námi, félagslegum samskiptum og leik. Í öðru lagi að vinna að markmiðum námskrár þ.e. athöfnum, efni og kennsluaðferðum. Í þriðja lagi að skoða umhverfi og aðstæður s.s. í skólastofunni. Viðfangsefni Sigríðar Ingibjargar hafa verið fjölþætt og sem dæmi hefur hún verið að efla skólafærni og þátttöku nemenda og sinna ráðgjöf til kennara og annars skólafólks. Sigríður Ingibjörg situr í nemendaverndarráði og í forvarnarteymi skólans.



Tengiliður starfar í þágu farsældar barna samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru árið 2021. Öll börn og foreldrar eiga rétt á greiðu aðgengi að tengilið farsældar í nærumhverfi sínu til að fá þá aðstoð sem við á til að tryggja farsæld barna. Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er

tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Ef það á ekki við er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem barn á lögheimili. Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns. Hann má ekki vera tengdur barni eða foreldrum þess með þeim hætti að það leiði til vanhæfis.

Tengiliður farsældar er:

- starfsmaður í nærþjónustu / grunnþjónustu barns og fjölskyldu þess.
- sá aðili sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- sá sem veitir fjölskyldunni upplýsingar um þjónustu, tryggir aðgang að frummati, styður við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda og fylgir málum eftir á 2. og 3. stig ef þörf er á.

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/farsaeld>

<https://www.farsaeldbarna.is/>

Gaman er að segja frá því að á fundi með sérfræðingum frá BOFS, Barna og fjölskyldustofu í september 2025, kom fram að vinna í Valsárskóla og Álfaborg var metin til fyrirmyndar. Í kjölfarið hafa skólarnir tekið forystu í innleiðingu farsældar og unnið með BOFS á fundum m.a. með gátlista vegna innleiðingar á farsæld. Auk þess erum við með fulltrúa í farsældarráði SSNE sem starfar fyrir Norðurland eystra.

Foreldrasamstarf í Valsárskóla

Við í Valsárskóla leggjum áherslu á góð samskiptum við foreldra og eru hér að neðan dæmi um viðburði og fasta liði í skólastarfinu sem tengjast því. Við skólann starfa bæði skólaráð og foreldrafélag. Skólaráð fundar þrisvar sinnum á skólaári og hægt er að kynna sér reglur um starfsemi þess og fundargerðir hér:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/skolarad>

Viðburður/upplýsingar samstarf	Tími	
Skólasetning á sal og veitingasala ferðasjóðs	21. ágúst 2025	Á skóladagatali
Haustrfundir, kynning og samræður um nám og kennslu í námshópum með umsjónarkennara og í sumum tilfellum faggreinakennurum. Foreldrafulltrúar valdir fyrir námshópin.	25. september 2025	Árlega í september
Foreldraþing		Árlegur viðburður en var þetta árið færður vegna fyrirhugaðs fundar með samtökunum „Heimili og skóli“. Sá fundur var áætlaður í febrúar-apríl og var undirbúningur hafinn í

		samráði við nefndar skipuðum foreldrum. Því miður var fundurinn ekki haldinn og þess vegna féll foreldraþing niður þetta ári.
Samtalsdagar - nemendastýrð samtöl	16. október 2025 16. febrúar 2026	Á skóladagatali
Árshátíð Valsárskóla	26. mars 2026	Á skóladagatali
Skólaslit	9. júní 2026	Á skóladagatali
Föstudagspóstur frá umsjónarkennara námshópa til foreldra með upplýsingum um nám, kennslu og skólastarfið	Vikulega á starfstíma skólans	Fastur liður
Póstar frá skólustjóra til allra foreldra sem sendir eru reglulega um allt sem varðar skólastarfið.	Reglulega frá ágúst til júní	Fastur liður
Heimasíða skólans		Alltaf aðgengilegt
Facebook síða skólans		Alltaf aðgengilegt
Fundur með tilvonandi foreldrum nemenda í 1. bekk haust 2025.	12. maí 2026	Árlegt

Helstu tölur

Fjöldi nemenda

Skólaárið 2025-2026 voru 68 nemendur í skólanum þegar mest var. Nemendum var kennt í 5 námshópum þar sem samkenndsla er milli árganga. Hér er yfirlit yfir fjölda í námshópum. Nemendum fækkaði niður í 65 vegna flutninga úr sveitarfélaginu.

Nemendur	Fjöldi
1.- 2. bekkur	15

3. - 4. bekkur	11
5. - 6. bekkur	14
7. - 8. bekkur	15
9. - 10. bekkur	13
Samtals	68

Hægt er að sjá upplýsingar um samkennslu í Valsárskóla:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/serstada>

Fjöldi starfsmanna

Við Valsárskóla starfa 12 kennarar, þar af er einn skólastjóri. Fjórir kennarar eru í hlutastarfi. Fjölgun kennara hefur gefið okkur færi á að efla sérkennslu og ÍSAT kennslu nemendum til hagsbóta.

Auk kennara starfa við skólann fimm stuðningsfulltrúar í hlutastarfi og tveir skólaliðar. Tveir þeirra eru í hlutastarfi og sá þriðji er einnig umsjónarmaður Vinaborgar. Í mötuneyti starfa tveir starfsmenn en mötuneytið er samrekið með leikskólanum Álfaborg. Hjúkrunarfræðingur kemur um það bil tvisvar í mánuði frá HSN og sinnir heilsuvernd skólabarna.

Nánari upplýsingar á eftirfarandi slóðum:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/starfsfolk>

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/thjonusta/skolahjukrun>



Fjöldi kennsludaga

Kennsludagar í Valsárskóla eru 180 eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Þetta skólaárið féll enginn dagur niður vegna veðurs.

Fjöldi kennslustunda

Vikulegur kennslustundafjöldi er 20 kennslustundir í 1. - 4. bekk og 24 kennslustundir í 5. - 10. bekk. Allar kennslustundir eru 60 mínútur. Þannig má reikna út að hver nemandi í 1. - 4. bekk sækir í 720 kennslustundir á skólaárinu og hver nemandi í 5. - 10. bekk sækir 864 kennslustundir. Nemendur í 7. - 10. bekk eru með 4 klst á viku í vali. Sjá nánar á:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/stundatoflur-nemenda-2020-2021>



Fjöldi viðburða og verkefna

Skólastarf er ekki eingöngu nám og kennsla heldur eru fjölbreyttir viðburðir fastir liðir í skólastarfinu. Dæmi um það eru haustdagur, vordagar, hrekkjavökuhátíð, dagur íslenskar tungu, fullveldisdagurinn, samskóladagar, skíðadagur, jólaþema, litlu jól og árshátíð. Flestir þessara viðburða eru undirbúnir með þátttöku nemenda og er undirbúningur fyrir árshátíð umfangsmestur og tekur oftast nokkrar vikur. Allir nemendur tóku þátt í Ólympíuhlaupinu þann 1. október 2025.



Rýming skólans, æfingar

Við höldum tvær rýmingaræfingar á skólaárinu og gengu þær báðar vel. Fyrri æfingin var fyrirfram skipulögð og var þann 8. október. Sú seinni var óundirbúin og án vitundar starfsfólks og nemenda. Hún var haldin 2. júní og tók aðeins rúmar tvær mínútur að rýma skólann og ganga úr skugga um að allir væru á sínum stað sem afar góður árangur.



Fjöldi ferða

Nemendur fóru í nokkrar ferðir bæði í minni hópum og með öllum skólanum. Á haustdögum var lögð áhersla á hreyfingu, fræðslu um náttúru og umhverfið, auk samveru. Annan daginn var farið í hjólaferð, sund, berjamó og fleira. Hinn daginn fóru eldri nemendur í göngu frá Súlubílastæði upp í Fálkafell og Gamla. Farið var gönguleið niður í Kjarnaskóg. Yngri nemendur fóru frá Sómatúni á Akureyri, gengu í gegnum Naustaborgir, inn í Kjarnaskóg og enduðu við leiksvæði í Kjarnaskógi. Allir nemendur hittust á sama stað þar sem grillað var fyrir hópinn. Í vetur fóru allir nemendur í skíðaferð í Hlíðarfjall í annarri tilraun þann 18. mars 2026. Á vordögum var meðal annars farið í Nökkva og Skautahöllina.



Við fengum gesti frá svokölluðum SAM skólum sem eru Grenivíkurskóli, Þelamerkurskóli og Stórutjarnaskóli. Allir á miðstigi komu til okkar í Valsárskóla 4. maí 2026. Okkar nemendur fóru í Þelamerkurskóla 7. maí 2026. Auk þess fóru okkar nemendur til Grenivíkur 24. september 2025 og að Stórutjörnum 23. september 2025. Nemendur í 7.-10. bekkur fóru ekki í árlega ferð á Lauga á þessu skólaári vegna dræmrar þátttöku. Laugaskóli hefur síðustu ár boðið nemendum úr nágrennaskólum á íþróttadag og kynningu til að kynna sér námið og skólastarfið. Nemendur í 9. og 10. bekk fóru í heimsókn í VMA og MA í skólakynningu auk þess sem þeir fóru í Starfamessu í Háskólann á Akureyri í þann 12. mars 2026.

Nemendur í 1. - 4. bekk fóru á tvisvar sinnum á skauta í boði Skautafélags Akureyrar, annars vegar í lok janúar og hins vegar byrjun febrúar. Nemendur í 5. og 6. bekk fóru í ferð til að sækja jólatré fyrir skólann og þau fóru einnig í ferð á Hælið til að fræðast um sögu berklanna.

Nemendur í 7. og 8. bekk í Valsárkóls unnu bókaverkefni með Sigrúnu Rósu íslenskukennara og Ólafi myndmenntakennara. Bókmenntahátíð barnanna fór fram þann 4. desember þar sem nemendur í 5. – 8. bekk úr Valsárskóla, Reykjahlíðarskóla, Stórutjarnaskóla og Hrafnagilsskóla kynntu afrakstur margra mánaða skapandi vinnu. Á dagskránni voru tónlistaratriði, upplestur úr nýútgefnum bókum nemenda og eiginhandaráritanir. Að lokinni dagskrá opnuðu nemendur sölubása þar sem boðið var upp á bækur í takmörkuðu upplagi.

Nemendur unnu að gerð bóka frá grunni og lærðu um ferlið, þar á meðal hugmyndavinnu, textagerð, uppbyggingu sögu, ritstjórn og framsetningu. Hver skóli stofnaði eigið forlag og hannaði merki fyrir það, en meðal forlaganna voru Valsó forlag, Elding, Dimmuborgir og Forlagið Stórutjarnir. Rithöfundarnir Berglind Erna og Þórunn Raketel heimsóttu skólana þrívægis yfir veturinn og veittu nemendum einstaklingsbundna leiðsögn í ritun og myndsköpun. Bæði verkefnið og þessi vinnuaðferð urðu að veruleika þökk sé rausnarlegum styrk frá Sprotasjóði Rannís, sem skólarnir og rithöfundarnir fengu til að þróa og efla bókmenntastarf nemenda. Hátíðin tókst afar vel og nemendur voru stoltir af árangrinum. Skólarnir þakka öllum gestum fyrir frábæra mætingu og stuðning.



Tölvubúnaður fyrir nemendur og kennara

Allir nemendur í 5. - 10. bekk eru með Croombook vél til afnota allan skóladaginn. Þær vélar eru geymdar í þremur hleðsluskápum og bera nemendur ábyrgð á „sinni“ vél.

Yngri nemendur hafa til afnota PC vélar og Croombook vélar samtals 20 vélar. Skólinn á 15 nýlega iPada og 5 eldri iPada.



Innra mat

Innra mat er virkt í skólanum og eru sumir þættir metnir árlega en aðrir reglulega, sjá mynd hér að neðan. Sjö þættir eru metnir vorið 2026 og er áætlunin tilbúin til ársins 2028. Hún er unnin út frá matlista MMS og skólastefnu sveitarfélagsins samþætt matinu og eru áherslupættir sveitarfélagsins feitletraðir.

Viðfangsefni				
Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Inntak, árangur, metnaður og framfarir	x			x
Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð		x		
Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu			x	
Námshættir, námsvitund, sjálfstraust og leiðtogasamfélag	x			
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda				x
Skóli án aðgreiningar og fjölbreytt samfélag		x		
Viðburðir og uppbrot	x			
Mannauður				
Fagmennska starfsfólks og samstarf		x		x
Starfsánægja, líðsheild , líðan og aðbúnaður á vinnustað	x		x	
Stjórnun og skipulag				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans	x			
Faglegt samstarf				
Skólaþróun og starfsþróun			x	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x			x
Skólabragur				
Viðmót, virðing, samskipti , menning og líðsheild		x		x
Velferð, velliðan, heilsuefling, umhyggja, gleði og líðan nemenda	x			
Samstarf og virgni heimila og skóla		x		
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x		x	
Umbótastarf í kjölfar innra mats		x		x

Nám og kennsla

Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð

Í skólanum er lögð rík áhersla á fjölbreytt og skipulagt námsumhverfi sem styður við ólíkar þarfir nemenda og tengir nám þeirra við umhverfi, samfélag og heimabyggð. Markmið skólans er að skapa aðstæður þar sem nemendur fá tækifæri til að læra bæði innan skólastofunnar og utan hennar með virkri þátttöku, upplifun og samvinnu. Með því er stuðlað að auknum skilningi nemenda á nærumhverfi sínu, náttúru og samfélagi auk þess að efla sjálfstæði, ábyrgð og félagsfærni.

Í 1.– 4. bekk er markvisst unnið með útikennslu sem fastan þátt í skólastarfinu. Nemendur nýta nærumhverfi skólans til náms og verkefnavinnu þar sem samþætt eru ólík fög, hreyfing og reynslumiðað nám. Með útikennslunni fá nemendur tækifæri til að læra í gegnum leik, athuganir,

rannsóknir og samvinnu sem eykur áhuga þeirra og virkni í námi. Jafnframt stuðlar þessi nálgun að aukinni vitund um náttúru, umhverfisvernd og mikilvægi heilbrigðs lífsstíls.

Á unglíngastigi býðst nemendum sérstakt útivistarval þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, útiveru og jákvæða tengingu við náttúru og nærumhverfi. Í útivistarvali fá nemendur tækifæri til að efla færni sína í samvinnu, sjálfstæði og lausnaleit auk þess að styrkja andlega og líkamlega vellíðan. Með þessu er skólinn að mæta fjölbreyttum áhugasviðum nemenda og skapa fjölbreytt námsumhverfi sem styður við heildstæða menntun og jákvæða skólamenningu.

Þessi áhersla á skipulag náms, útikennslu og tengingu við heimabyggð endurspeglar faglega sýn skólans um að nám eigi sér stað við fjölbreyttar aðstæður og að umhverfið sjálft sé mikilvæg auðlind í námi og þroska nemenda.

Nemendur í Valsárskóla taka samræmt námsmat. Lesfimi er mæld þrisvar á ári og hefur það verið gert í mörg ár. Í vetur var í fyrsta sinn tekin stöðu- og framvindu próf í íslensku og stærðfræði en slík próf hafa legið niður í nokkur ár.

Hér fyrir neðan eru niðurstöður nemenda Valsárskóla í mars 2026 í stærðfræði og lesskilningi og lesfimi í maí 2026.

Lesskilningur í mars 2026

Samtals	
● Yfir meðaltali (landið)	24% (21%)
● Við meðaltal (landið)	51% (58%)
● Undir meðaltali (landið)	24% (21%)

75% nemenda eru yfir meðaltali eða við meðaltal. Í samanburði við landið þá eru nemendur okkar 3 prósentustigum fleiri hjá okkur yfir meðaltali, 7 prósentustigum færri eru við meðaltal og 3 prósentustigum fleiri eru undir meðaltali.

Stærðfræði mars 2026

Samtals	
● Yfir meðaltali (landið)	18% (21%)
● Við meðaltal (landið)	58% (58%)
● Undir meðaltali (landið)	24% (21%)

76% nemenda eru yfir meðaltali eða við meðaltal. Í samanbætur við landið þá erum við 3 prósentustigum lægri í hópnum yfir meðaltali og jöfn meðaltalinu. Hlutfall nemenda undir meðaltali er 3 prósentustigum hærra hjá okkur.

Lesfimi í maí 2026

Samtals	
● Yfir meðaltali (landið)	23% (21%)
● Við meðaltal (landið)	50% (58%)
● Undir meðaltali (landið)	27% (21%)

73% nemenda eru yfir meðaltali eða við meðaltal. Í samanbætur við landið þá erum við 2 prósentustigum hærra í hópnum yfir meðaltali og 8 prósentustigum undir meðaltali. Hlutfall nemenda undir meðaltali er 6 prósentustigum hærra hjá okkur.

Almennt eru niðurstöðurnar ágætær bæði í lesskilningi, lesfimi og stærðfræði. Sérstaklega er ánægjulegt að hlutfall nemenda yfir meðaltali í lesskilningi og lesfimi er 3 prósentustigum hærra í Valsárskóla en á landsvísu.

Skóli án aðgreiningar og fjölbreytt samfélag

Í skólanum er lögð rík áhersla á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar þar sem markvisst er unnið að því að skapa námsumhverfi sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum, styrkleikum og bakgrunni allra nemenda. Leitast er við að tryggja að allir nemendur fái tækifæri til þátttöku, náms og vellíðunar í jákvæðu og styðjandi skólasamfélagi þar sem virðing, samvinna og jöfnuður eru leiðarljós í daglegu starfi.

Mikil áhersla er lögð á öflugt samstarf og samfellu í stuðningi við nemendur frá leikskóla upp í grunnskóla. Kennarar vinna markvisst saman í stuðningi þar sem lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, miðlun upplýsinga og samræmd vinnubrögð til að tryggja farsæl náms- og félagsleg umskipti milli skólastiga. Með þessu samstarfi skapast sterkari heildarsýn á þarfir nemenda og betri forsendur til að veita viðeigandi stuðning strax frá upphafi skólagöngu.

Fagleg vinna sérkennara og iðjuþjálfara er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Sérkennarar vinna náið með kennurum, nemendum og foreldrum að því að finna leiðir sem styðja við nám, þátttöku og félagslega færni nemenda. Iðjuþjálfari kemur jafnframt að mati, ráðgjöf og stuðningi með það að markmiði að efla færni, sjálfstæði og virkni nemenda í skólaumhverfinu. Þessi þverfaglega samvinna styrkir getu skólans til að mæta ólíkum þörfum nemenda á faglegan og markvissan hátt.

Skólinn er með hátt hlutfall greininga meðal nemenda sem kallar á aukinn stuðning, sérfræðivinnu og sveigjanlegt skipulag náms. Það gerir ríkar kröfur til fagmennsku starfsfólks og samvinnu þeirra sem koma að námi og velferð nemenda. Starfsfólk skólans leggur áherslu á að mæta þessum fjölbreyttu þörfum með lausnamiðuðum og einstaklingsbundnum nálgunum þannig að allir nemendur fái tækifæri til að njóta sín og ná árangri í skólastarfinu. Við höfum t.d. aukið stuðning í bekkjum og sérkennslu. Nú í vor höfum við verið með námsver í skólanum til að vinna að skólaferni.

Jákvæðir þættir í skólastarfinu	
Góður árangur í samræmdu mati í lesfimi og lesskilningi	
Stoðteymi og ÍSAT kennsla	
Samstarf við leikskólann með áherslu á snemmtæka íhlutun	
Tækifæri til úrbóta	
Auka sérfræðipækkingu innan skólans	
Að efla nám þeirra sem eru undir meðaltali í lesfimi og stærðfræði í samræmdu námsmati	




Mannauður

Í Valsárskóla starfa 12 kennarar í mismunandi stöðuhlutfalli, 5 stuðningsfulltrúar, 2 skólaliðar, 2 í sameiginlegu mótuneyti skólans og leikskólans. Auk þess koma að starfsemi skólans 9 tónlistarkennarar frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar, hjúkrunarfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og iðjuþjálfari sem gegnir auk þess stöðu tengiliðs farsældar fyrir báða skólanna. Umsjónarmaður fasteigna fyrir sveitarfélagið er að hluta til starfsmaður skólans og því má segja að starfsfólk sem kemur að skólastarfinu sé nálægt þrjátíu. Þá er ekki talið með sérfræðingar sem koma reglulega í skólann frá fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar og talmeinafræðingur.



Fagmennska starfsfólks og samstarf

Niðurstöður kannana sýna að agi í kennslustundum er mjög góður og marktækt betri en í mörgum öðrum skólum. Þá hefur áfram orðið jákvæð þróun á þessu sviði sem bendir til markvissra og faglegra vinnubragða starfsfólks skólans. Slíkur árangur endurspeglar að kennarar og annað starfsfólk leggi áherslu á skýra umgjörð, jákvæð samskipti og öruggt námsumhverfi þar sem nemendur geta einbeitt sér að námi og tekið virkan þátt í skólastarfinu.




Virk þátttaka nemenda í kennslustundum mælist góð og er á svipuðu stigi og landsmeðaltal. Það gefur til kynna að kennarar nái vel til nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum og styðji þá í virkri þátttöku í námi sínu. Einnig er tíðni leiðsagnarmats yfir meðaltali í samanburði við aðra skóla, sem sýnir að kennarar fylgjast vel með námsframvindu nemenda og leggja áherslu á uppbyggilega endurgjöf til að styðja við árangur og framfarir. Samband kennara og nemenda er jafnframt metið gott, sem undirstrikar mikilvægi jákvæðra samskipta, trausts og virðingar í daglegu skólastarfi.

Mötuneyti skólans fær áfram afar jákvæða umsögn frá nemendum og sker sig þar sérstaklega vel úr miðað við samanburðar skóla. Líkt og í fyrri könnunum kemur fram að nemendur í 2.–5. bekk eru almennt mjög ánægðir með matinn í mötuneytinu, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þessar niðurstöður benda til þess að skólinn leggi ekki aðeins áherslu á gott námsumhverfi heldur einnig á almenna vellíðan nemenda og góða þjónustu í daglegu skólastarfi.



Líkt og í fyrri könnunum, hjá eldri nemendum, eru nemendur í 2. - 5. bekk ánægðir með matinn í mötuneytinu eins og sést á meðfylgjandi mynd:



Í heild sinni sýna niðurstöðurnar að innan skólans er fagmennska og metnaður sem stuðlar að jákvæðu og styðjandi umhverfi fyrir nemendur, bæði í námi og félagslegri líðan.

Jákvæðir þættir í skólastarfinu	
Gott og faglegt mötuneyti	
Agi í kennslustundum	
Tækifæri til úrbóta	
Að auka samstarf kennara við undirbúning náms og kennslu m.t.t. nýrra og endurskoðaðra hæfniviðmiða í aðalnámskrá	

Stjórnun og skipulag

Stjórnandi sem faglegur leiðtogi

Skólastjóri fór í innlit til flestra kennara í kennslustundir í lok október 2025 og mars 2026 og veitti endurgjöf í kjölfarið. Skólastjóri notaði ákveðna lista/eyðublöð til að vinna með og var áhersla þetta árið á námslegar kröfur og bekkjarstjórnun. Hér fyrir neðan eru skjáskot af eyðublaði sem skólastjóri notaði vegna innlita.

<p>Gáttlisti – innlit í kennslu Desember 2026 og janúar 2026</p> <p>Áherslur: Námslegar kröfur og bekkjarstjórnun</p> <p>Kennari: _____</p> <p>Dagsetning: _____</p> <p>1. Námslegar kröfur til nemenda</p> <p>Markmið: Meta hvort kennslan gerir raunhæfar, skýrar og kröfur til allra nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Lærdómsmarkmið eru sýnleg og skýr (á töflu / munnlega). <input type="checkbox"/> Verkefni eru viðeigandi, krefjandi og tengd markmiðum kennslustundarinnar. <input type="checkbox"/> Nemendur vita hvað þeir eiga að gera og hvers er ætlast af þeim. <input type="checkbox"/> Kennari aðlagar kröfur að hæfni nemenda án þess að draga úr áskorun. <input type="checkbox"/> Kennari nýtir meðvitað spurningar til að krefja nemendur um dýpri hugsun. <input type="checkbox"/> Nemendur eru virkir, taka þátt og fá tækifæri til að útskýra hugsun sína. <input type="checkbox"/> Kennari veitir leiðsagnarmat: skýra, tímanlega og uppbyggilega endurgjöf. <input type="checkbox"/> Gæði vinnu nemenda endurspegla námsmarkmið. <p>Endurgjöf/samantekt</p>	<p>Gáttlisti – innlit í kennslu Desember 2026 og janúar 2026</p> <p>2. Bekkjarstjórnun</p> <p>Markmið: Meta hvernig kennari heldur uppi skipulag sem styður við nám.</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Kennslustundin byrjar skipulega og tíminn er vel nýttur. <input type="checkbox"/> Kennari hefur skýr uppbyggingu á kennslustund (upphaf, fyrirmæli, yfirferðir, lok). <input type="checkbox"/> Fyrirmæli eru skýr, stutt og skiljanleg fyrir alla nemendur. <input type="checkbox"/> Kennari fylgist virkt með bekknum. <input type="checkbox"/> Kennari gripur rólega og markvisst inn í trúflun. <input type="checkbox"/> Kennari notar jákvæða og hvetjandi samskipti. <input type="checkbox"/> Nemendur fylgja þeim bekkjarsáttmála/skólareglum.. <input type="checkbox"/> Samstarf nemenda er jákvætt. <input type="checkbox"/> Kennslurými er vel skipulagt og nýttist vel fyrir vinnu nemenda og kennara. <input type="checkbox"/> Nemendur vinna einir eða saman án þess að þurfa stöðugt inngrip. <p>Endurgjöf/samantekt</p>
--	---

Í haust kom upp gróft einelti í einum námshópi sem mikill tími og orka skólastjóra fór í ásamt tengilið farsældar og umsjónarkennara. Sú vinna stóð yfir í nokkra mánuði og fólst m.a. í daglegri gæslu í frítíma nemenda, símtölum, reglulegum samtölum við þolendur, samráðsfundum við sérfræðinga í MSHA, gerð áætlunar fyrir einstaklinga vegna eineltis, eineltiskönnun, samantekt á málunum, atvikaskráningu, vikulegum stöðupóstum, eftirfylgni til

foreldra, skráningu, fundi með öllum foreldrum og skipulagningu á vinnu sérfræðinga í samskiptum unglinga. Þessi vinna reyndi mikið á faglega forystu og samvinnu við mismunandi hópa. Það sem er jákvætt við þessa vinnu var að það tókst að stoppa eineltið.

Skólastjóri situr í innleiðingarteymi Valsárskóla vegna innleiðingar á nýrri og uppfærðri Aðalnámskrá grunnskóla. Sú vinna er gagnleg fyrir allt faglegt starf kennara í skólanum. Það teymi hefur notið leiðsagnar frá MMS eins og fram hefur komið. Hér er skjáskot af tímalínu sem sýnir innleiðingaráætlun í Valsárskóla fyrir næsta skólaár. Tímalínan var send á sérfræðing hjá MMS til að fá endurgjöf á hana.



Jákvæðir þættir í skólastarfinu	
Endurgjöf til kennara eftir innlit skólustjóra	
Mikil og markviss vinna gegn einelti í haust sem skilaði árangri	
Vinna innleiðingarteymi vegna uppfærslu á Aðalnámskrá grunnskóla	
Tækifæri til úrbóta	
Veita oftar endurgjöf til kennara um nám, kennslu og fagleg mál	

Skólabragur




Jákvæður skólabragur er okkur í Valsárskóla mikilvægur. Hann einkennist af virðingu, samvinnu og vellíðan allra í skólasamfélaginu. Starfsfólk sýnir jákvæðan skólabrag með fagmennsku, stuðningi og góðum samskiptum sín á milli og við nemendur. Nemendur leggja sitt af mörkum með kurteisi, ábyrgð og virðingu fyrir öðrum. Í slíkum skóla ríkir öryggi og traust þar sem öllum

finnst þeir tilheyra. Jákvætt viðmót og hvatning stuðla að auknum námsáhuga og betri líðan. Samstarf heimila og skóla styrkir einnig skólabraginn. Þannig verður skólinn staður þar sem bæði nemendur og starfsfólk geta dafnað og náð árangri.

Viðmót, virðing, samskipti, virðing, menning og liðsheild


Nemendur í 2. - 5. bekk svöruðu í fyrsta skipti könnunni Skólapúls í október 2025. Eldri nemendur í 6. - 10 bekk hafa svarað Skólapúls árlega í nokkur ár. Niðurstöðurnar og svör okkar nemenda eru borin saman við svör nemenda í öðrum skólum sem svöruðu sömu spurningum.

Nemendur voru spurðir út í ánægju af lestri og voru svörin ólík milli árganga. Nemendur í 3. bekk voru jákvæðir og langt fyrir ofan landsmeðaltal. Nemendur í 2., 4. og 5. bekk voru aðeins neikvæðari. Þessi mynd sýnir samantekt þar sem svör nemenda í 2. - 5. bekk mælast rétt undir meðaltali á Íslandi er varðar ánægju af lestri.




Nemendur svöruðu spurningum um ánægju í skólanum. Þar voru nemendur almennt jákvæðir og voru nemendur í 4. bekk sérstaklega ánægðir. Þátturinn er metinn út frá eftirfarandi spurningum:

- Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa mikla orku
- Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa margt að hlakka til
- Þegar ég er í skólanum finnst mér ég hafa gaman af mörgu
- Þegar ég er í skólanum finnst mér margt vera spennandi



Nemendur í 2. - 5. bekk meta vellíðan í skólanum yfir landsmeðaltali. Nemendur í 2. og 4. bekk eru sérstaklega jákvæðir og meta vellíðan í skólanum hátt. Nemendur svöruðu eftirfarandi spurningum:

- Þegar ég er í skólanum finnst mér vera hugsað vel um mig
- Þegar ég er í skólanum finnst mér ég vera öruggur
- Þegar ég er í skólanum er ég hamingjusamur
- Þegar ég er í skólanum finnst mér fólk vera sanngjarnt við mig



Í heildina eru niðurstöðurnar við matsþáttum nálægt meðaltali eða yfir því í 2. - 5. bekk. Þannig

meta nemendur sig álíka og aðrir nemendur í 2. - 5. bekk á Íslandi með ánægju af lestri, ánægja með skólann og vellíðan í skólanum. Mötuneytið er metið töluvert hærra en önnur mötuneyti í grunnskólum. Nemendur í 4. bekk eru tölfraðilega marktækt jákvæðari með tvo þætti, þ.e. ánægð í skólanum og vellíðan.

Nemendur í 6.–10. bekk svara árlega könnunni Skólapúls og svöruðu þau könnunni október 2025. Niðurstöður okkar eru bornar saman við svör nemenda í grunnskólum um allt land sem taka þátt í Skólapúlsi. Þannig fáum við gagnlegt yfirlit sem nýtist í innra mati skólans, umbótastarfi og áframhaldandi þróun.

Í stuttu máli eru svör nemenda að mörgu leyti sambærileg við það sem sést í öðrum skólum landsins. Hins vegar koma einnig fram nokkrir þættir þar sem svör nemenda í Valsárskóla eru tölfraðilega marktækt frábrugðin landsmeðaltali.


Þrautseigja í námi mælist lægri í Valsárskóla en annars staðar í landinu, líkt og undanfarin ár. Þó má sjá örlitla jákvæða þróun milli ára. Þau atriði sem nemendur svöruðu marktækt neikvæðara en jafnaldrar, tengd þrautseigju, eru eftirfarandi:

- „Þegar ég læri legg ég mig allan fram.“

- „Þegar ég læri reyni ég að gera mitt besta til að ná tókum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.“


- „Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.“

- „Þegar ég læri legg ég eins hart að mér og mögulegt er.“




Áhugi á stærðfræði er áfram yfir landsmeðaltali og áhugi á náttúrufræði örlítið undir því, þó ekki marktækt. Þegar spurt er hversu vel nemendur telja sig geta lært helstu námsgreinar (íslensku, stærðfræði, ensku, íþróttir, sund, náttúrufræði, umhverfismennt, hönnun og smíði) kemur fram

að sjálfstraust þeirra er almennt lægra en meðal jafnaldra á landsvísu. Einkum sést þessi vantrú meðal nemenda í 6.–7. bekk.




Sjálfsálit nemenda mælist marktækt lægra en í samanburðar skólum, og á þetta sérstaklega við um nemendur í 8. bekk. Matsþátturinn byggir m.a. á eftirfarandi spurningum:

- „Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.“
- „Ég hef marga góða eiginleika.“
- „Ég er misheppnaður.“
- „Ég get gert margt jafn vel og aðrir.“
- „Ég er ánægður með sjálfan mig.“
- „Stundum finnst mér ég ekki skipta máli fyrir aðra.“




Auk þess telja nemendur í Valsárskóla sig almennt hafa minni stjórn á eigin lífi en nemendur á landsvísu. Þetta á einkum við um nemendur í 6.–8. bekk. Sérstaklega virðist þeim finnast erfitt að takast á við vandamál, sem endurspeglast í svörum við spurningum á borð við:

- Það er í raun útilokað fyrir mig að leysa úr sumum vandamálum mínum.
- Stundum finnst mér að aðrir stjórni lífi mínu of mikið.
- Ég hef litla stjórn á því sem kemur fyrir mig í lífinu.
- Ég get gert næstum allt sem ég einbeiti mér að.
- Oft veit ég ekki hvað ég á að gera þegar ég stand frammi fyrir vandamálum í lífinu.



Aðrir þættir sem tengjast líðan og heilsu eru ekki marktækt frábrugðnir landsmeðaltali, þó að bæði upplifun af vellíðan hafi dvínað og einelti aukist, sérstaklega í 8. bekk.

Nemendur samsama sig hópnun síður en nemendur í öðrum skólum, en samband þeirra við kennara er í takt við landsmeðaltal.



Það vekur áhyggjur hversu margir nemendur hafa litla trú á eigin getu, bæði í námi og þegar kemur að því að takast á við áskoranir í daglegu lífi. Sú upplifun að hafa litla stjórn á eigin lífi er einnig algengari en æskilegt er. Niðurstöðurnar eru samhljóða því sem sést hefur í Íslenskri æskulýðsrannsókn síðustu ár.

Samstarf og virkni heimila og skóla

Valsárskóli leggur áherslu á jákvætt samstarf við heimilin og eru ákveðnir þættir fastir liðir í skólastarfinu, sjá yfirlit á bls. 9. Þetta skólaárið hafa verið nokkuð krefjandi samskipti við nokkra foreldra sem hafa skapað álag á starfsfólk.

Annað árið í röð voru foreldrar elsta árgangs í leikskólanum Álfaborg boðið á fund í maí til að kynna þeim skólastarfið. Góð mæting var á fundinn. Auk þess fengu allir foreldrar nýrra nemenda í 1. bekk plastað skóladagatal í hólfi sinna barna á Álfaborg. Þannig fengu foreldrar upplýsingar um helstu dagsetningar fyrir skólaárið 2026-2027 s.s. skólaásetningu og frí.

Haustrfundir í öllum námshópum voru haldnir þann 25. september 2025 og sést hér neðar að mæting foreldra var frá 67% upp í 91%.

1. - 2. bekkur mæting frá 80% heimila
3. - 4. bekkur mæting frá 91% heimila
5. - 6. bekkur mæting frá 85% heimila
7. - 8. bekkur mæting frá 67% heimila
9. - 10. bekkur mæting frá 69% heimila

Í hverjum námshópi var fulltrúi foreldra valin á haustfundi til að standa fyrir viðburðum með nemendum og foreldrum. Stutt könnun var send til foreldrafulltrúa, í maí 2026, til að kanna hvort og hvað þeir hefðu gert með nemendum. Því miður bárust fá svör en foreldrar og börn í 1. og 2. bekk hittust einu sinni, í 3. og 4. bekk var einu sinni komið saman og í 5. og 6. bekk var hist tvisvar. Farið var á skauta, notaleg jólastund var haldin og hópur kom saman í Kjarnaskógi. Fram kom í athugasemdum frá foreldrafulltrúa að lítil áhugi væri meðal foreldra að standa fyrir viðburðum og það væri erfitt að fá foreldra til að mæta með sínum börnum.

Mæting foreldra á samtalsdögum er að jafnaði góð en þá bóka foreldrar samtöl fyrir sig og sín börn í samtali við umsjónarkennara.

Jákvæðir þættir í skólastarfinu	
Vellíðan og ánægja með skólann hjá yngri nemendum	
Góð mæting foreldra á samtalsdögum	
Tækifæri til úrbóta	
Lágt sjálfsálit eldri nemenda, vantrú á eigin getu er varðar nám, stjórn á eigin lífi og þrautsegu	
Að efla foreldra í samstöðu og félagslegri virkni með námshópum auk mætinga á haustfundi	



Umbótastarf í kjölfar innra mats

Samantekt er eftir hvern matspátt þar sem dregin eru fram tækifæri til úrbótar í skólastarfinu og jákvæðir þættir í skólastarfinu. Flestir þættir frá 2025 eru komnir í framkvæmd og allt frá ytra mati árið 2021. Margt hefur nú þegar skilað árangri. Þeir þættir sem hér eru taldir að ofan eru dregnir fram til að vinna með í upphafi á næsta skólaári og jákvæðum þáttum er haldið á lofti.



Lokaorð

Við í Valsárskóla erum í lang flestum tilfellum ánægð með samvinnu við skólasamfélagið, foreldra, nemendur, skólaráð og skólanefnd. Einnig er gott að finna velvild sveitarstjórnar, sveitarstjóra og foreldra. Við hlökkum til að halda áfram að vinna með öllum þeim sem koma að skólanum. Skólaárið 2025-2026 var farsælt að mestu og erum við stolt og glöð að útskrifa nemendur úr 10. bekk og taka á móti nýjum og eldri nemendum í haust.